



FIT



Orlofshús

12





Úr kortinum má sjá staðsetningu orlofshúsa Félags íön- og tæknigreina
Copyright © Landstofnun Íslands. Eftirgreitt þóttum
Kortverðshóllar Álfur Álfsson

Ágæti félagsmaður

Sumarútleiga (júní-ágúst)

Samhliða útgáfu orlofsbæklingsins er opnað fyrir umsóknir fyrir leigu á húsum og tjaldvögnum á orlofsvef FIT. Þar er hægt að númera þá valkost sem umsækjandi vill fá og er þá fyrsti valkostur nr. 1, annar nr. 2 o.s.frv. Þannig má auka til muna möguleikana á að fá úthlutun. Að úrvinnslu lokinni er öllum umsækjendum sendur tölvupóstur með niðurstöðu umsóknarinnar.

Vetrarútleiga

Flest húsa okkar eru einnig til útleigu að vetrí til. Þá er ekki stuðst við punktakerfi heldur gildir að fyrstur pantar, fyrstur fær. Um pásku eru pó teknir 26 punktar fyrir leiguna.

Pantanir utan sumarleyfistíma

Einfaldast er að fara inn á www.fit.is klikka á orlofshús og velja laus tímabil. Svo er að velja hús, skrá greiðslukortauplýsingar og prenta út samning. Þá er einnig hægt að senda tölvupóst á orlof@fit.is eða hringja í síma 535 6000, þá verður að greiða með korti í gegnum síma eða fá bankauplýsingar, leggja inn og fá samninginn sendan.

Öryggisnúmerin

Ef slys eða eldsvoði verður á strax að hafa samband við neyðarlínuna í síma **112** og gefa upp **öryggisnúmer** hússins sem þið eruð stödd í.

Efnisyfirlit

• Skorradalur - Borgarfjarðarsýslu	4-5
• Húsafell - Borgarfjarðarsýslu	6-8
• Svignaskarð - Mýrarsýslu	9
• Vogur á Mýrum - Mýrarsýslu	10
• Stykkishólmur - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	11
• Akureyri	12-14
• Illugastaðir í Fnjóskadal - Suður-Þingeyjarsýslu	15
• Klifabotn í Lónssveit - Austur-Skaftafellssýslu	16
• Hallskot í Fljótshlíð - Rangárvallasýslu	17
• Stóra Hof - Gnúpverjahreppi	18
• Úthlið - Biskupstungum, Árnessýslu	19-21
• Brekkuskógr - Biskupstungum, Árnessýslu	22-23
• Prastarkóngur - Grímsneshreppi, Árnessýslu	24
• Öndverðarnes - Grímsneshreppi, Árnessýslu	25
• Ölfusborgir - Árnessýslu	26
• Vestmannaeyjar	27
• Reykjavík	28
• Tjaldvagnaleiga	29
• Orlofshús á Spáni	30
• Orlofshús á Florida	31
• Miðasala	32
• Síðan mín á orlofshúsavefnum	33
• Eitt og annað	34-35

Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Skorradalur

Borgarfjarðarsýslu


Öryggisnúmer:

2106952



Vatnsendahlíð, hús nr. 40

Húsið stendur við norðvestanvert Skorradalsvatn, í kjarrivöxnu landi niður við vatnið. Húsinu fylgir árabátur og veiðileyfi í vatninu. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Rafmagnskynt gufubað er í litlu húsi við hlíð bústaðarins.



Vatnsendahlíð



Skorradalur



Skorradalur



Vatnsendahlíð

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akranesi og í Borgarnesi

Skorradalur Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:

Efra hús: 2106571

Neðra hús: 2106859



Fitjahlíð, hús nr. 17 og 17a

Tvö hús eru við Skorradalsvatn í Borgarfjarðarsýslu. Þau standa við norðanvert vatnið í kjarrivaxinni hlíð. Tvö önnur hús eru á milli húsanna, annað er geymsla en í hinu er viðarkynt gufubað, sem er til sameiginlegra nota fyrir húsin. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með eldivið. Húsin eru 48 fm að stærð og skiptast í stofu, eldhús, 3 svefnherbergi og baðherbergi.



Svefnpláss og sängur eru fyrir 6 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsum. Árabatur sem er niður í fjöru er sameiginlegur með húsum og einnig fylgir veiðileyfi í Skorradalsvatni. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Í nágrenninu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Glymur, hæsti foss Íslands
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósléðaferðir á Langjökul
- Byggðasafn í Görðum, Akranesi
- Golfvellið á Akranesi,
við Borgarnes og í Húsafelli
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvannayri
- Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi
- Hreppslaug, Skorradalshreppi




Skorradalur



Fitjahlíð


Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akranesi og í Borgarnesi



Kiðárbotnar 1

Húsið er 57,8 fm með 3 svefnherbergjum. Í húsinu er uppþöttvattavél, hljómtæki, sjónvarp og gasgrill, þá er sólpallur með heitum potti. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Búnaður miðast við 6 manns.

Á staðnum er sundlaug, verslun og veitingahús. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Í nágrenninu:

- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökul
- Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
- Golfvöllur í Húsafelli
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Surtshellir og hellirinn Vfðgelmir
- Höggyndir Páls í Húsafelli
- Hraunfossar
- Hreðavatn og Grábrók



Kiðárbotnar

Húsafell Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:



- Birkilundi 2: 2108346
- Birkilundi 3: 2108347



Birkilundur 2 og 3

Tvö hús eru við Birkilund í Húsafelli byggð 1987. Þau eru með sameiginlega innkeyrslu og bílastæði. Húsin eru 51 fm með tveimur svefnherbergjum þar sem 4 til 5 geta sofið og svefnlofti með 3 dýnum. Á gangi er snyrtung með sturtu en stofa og eldhús eru í einu rími. Í hvoru húsi eru einnig hljómtæki, sjónvarp og gasgrill. Stór pallur með heitum potti er við hvort hús. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Leiktæki eru á lóðinni.

Á staðnum er sundlaug, verslun og veitingahús. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.




Barnafossar



Birkilundur


Upplýsingar er að fá í upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnunni, Borgarnesi



Hvitábrekkur 6

Rúmgott, glæsilegt orlofshús, byggt árið 2003. Húsið er 66 fm að grunnfleti auk ca. 25 fm svefnlofts. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, rúmgóða stofu með eldhúskróki og baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns og fylgja sængur og koddar. 5 dýnur eru á svefnlofti. Húsini fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilarí, gasgrill, örbylgjuofn, uppvöttvattavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð.


Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Leiktæki eru á lóð. Umhverfið er allt kjarri vaxið. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Hvitábrekkur



Hvitábrekkur



Hús nr. 21

Þar er glæsilegt hús frá árinu 1993 en staðkkað og lagfært 2011. Þjónustumiðstöð er á staðnum og þar eru lyklar afhentir. Sameiginlegt gufubað er í þjónustumiðstöð og sparkvöllur og leiktaði á staðnum.


Húsið er 65 fermetrar og skiptist í þrjú svefnherbergi, stóra stofu, eldhúskrók og baðherbergi. Svefnpláss og sängur eru fyrir 6 manns. Sjónvarp, myndspilarí og gasgrill er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Umsjónarmaður er á staðnum.



Í nágrenninu:

- Kaktusabúið Laufskálum
- Safnahús Borgarfjarðar
- Bjössaróló, Borgarnesi
- Langjökulsferðir, upplýsingar í Húsafelli
- Snorralaug í Reykholti
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Höggmyndir Páls í Húsafelli
- Útsýnisskífa, vatnstankinum Borgarnesi
- Barnafossar í Hvítá
- Kvíahellan í Húsafelli

Upplýsingar er að fá í þjónustumiðstöð og upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnunni, Borgarnesi



Vogur

Vogur er fyrrum höfðingjasetur sem stendur við sjávarsíðuna um 30 km. frá Borgarnesi. Húsið er 143 fm að stærð og mikið endurnýjað. Rúmstæði eru fyrir 8 manns og eitt barnarúm. Í húsinu er sjónvarp myndspilari gasgrill og útvarp með geislaspilara.

Árabátur er á sumrin niður í fjöru. Farið varlega því straumar geta verið sterkir og gætið vel að flóði og fjöru. Á veröndinni er heitur nuddpptur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er í Laxárholti.

Í nágrenninu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Golfvellir við Borgarnes
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökli
- Kvíahellan í Húsafelli
- Barnafossar í Hvítá
- Búvélasafnið á Hvanneyri
- Kaktusabúið Laufskálum
- Snæfellsjökull



Fjöruskoðun á Mýrum



Vogur

Stykkishólmur

Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

Öryggisnúmer:

2115813



Borgarbraut 38

Í raðhúsalengju við Borgarbraut 38 í Stykkishólmí á félagið íbúð. Húsið stendur við golfvöll staðarins og fylgir golfkort húsini. Í Stykkishólmí er margbætt þjónusta við ferðamenn. Íbúðin er 77 fm að stærð og skiptist í hol, baðherbergi, 2 svefnherbergi og



stofu með samliggjandi eldhúsi. Svefnpláss og sängur eru fyrir sex. Sjónvarp, myndspilarí og gasgrill er í íbúðinni. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Stykkishólmur



Stykkishólmur

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Stykkishólmí

Í nágrenninu:

- Bárðarferðir með Eyjaferðum
- Flatey
- Búðir og Arnarstapi
- Dritvík (aflraunasteinar)
- Vélsleðaferðir á Snæfellsjökul
- Sjómannagarðurinn, Hellissandi
- Lóndrangar austan við Malarrif
- Rauðfeldargjá í Botnsfjalli.
- Ölkelda í Staðarsveit


Smárahlið 16E Akureyri

Öryggisnúmer:

2150611



Hér er um að ræða fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi að Smárahlið 16E.
Íbúðin er 92 fm að stærð. Hún skiptist í stofu, borðstofu, bað og 3 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðinni.




Borgarhlíð 5C Akureyri

Öryggisnúmer:
2145306



Íbúðin er 60 fm að stærð. Hún skiptist í stofu, eldhús, bað, hjónaherbergi og lítið herbergi með kojum. Svefnsófi er í stofunni. Búnaður miðast við 4 til 5. Í íbúðinni er sjónvarp, myndspilari og gasgrill.



Furulundur 10E og 10M Akureyri


Öryggisnúmer:

10E: 2146390

10M: 2146379



Í fjölbýlishúsinu að Furulundi 10 er um að ræða 2 íbúðir, 10E á efri hæð og 10M á neðri hæð. Öll blokkinn hefur verið endurnýjuð, skipt um eldhúsinnréttigar í íbúðum FIT og allt málad og snyrt. Báðar íbúðirnar eru 50 fm. að stærð og svefnpláss fyrir 4. Barnarúm, sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðunum.



Furulundur 6L Akureyri

Öryggisnúmer:

2146349



Íbúðin er á efri hæð og er 80 fm með tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og eitt lítið með kojum. Auk þess er svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er þvottavél, upþvottavél, útvarp, sjónvarp og myndspilari. Gasgrill er á svölmum. Búnaður miðast við 4 - 5 manns.



Sundlaugin á Akureyri



Nonnahús


Upplýsingamiðstöð ferðamála er að Hafnarstræti 82, Akureyri

Furulundur 11A

Akureyri

Öryggisnúmer:

2146397



Hér er um að ræða glæsilega rúmgóða íbúð í endaraðhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Svefnstæði eru fyrir 6 manns.

Íbúðinni fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, bvottavél, uppþvottavél o.fl. sem nauðsynlegt bykir í orlofsíbúðum af bestu gerð.



Goðafoss



Námaskarð

Upplýsingamiðstöð ferðamála er að Hafnarstræti 82, Akureyri


Í nágrenninu:

- Askja
- Herðubreiðarlindir
- Hrísey
- Mývatn
- Dimmuborgir
- Námaskarð
- Vaglaskógar
- Síldarsafnið á Siglufirði
- Laufás og Möðruvellir

Illugastaðir í Fnjóskadal Suður-Pingeyjarsýslu

Öryggisnúmer:

2161373



Illugastaðir eru um 50 km austan við Akureyri. Í Fnjóskadal hefur risið tölverð orlofshúsabyggð. Á staðnum er sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Einnig er þar verslun með helstu nauðsynjum. Umsjónarmaður er á staðnum.

Húsið er 48,5 fm að stærð og skiptist í stofu með samliggjandi eldhúsi, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Svefnpláss og sängur eru fyrir sex. Sjónvarp, myndspilar og gasgrill er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur.

Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.

Í nágrenninu:

- Aldeyarfoss í Skjálflandafljóti
- Vaglaskógr
- Dettifoss og Goðafoss
- Flatey á Skjálflanda
- Herðubreiðarlindir og Askja
- Kröfluvirkjun
- Háhitasvæðið við Námaskarð
- Útsýnisflug frá Mývatni
- Hljóðaklettar og Ásbyrgi
- Dimmuborgir



Jarðböðin við Mývatn





Öskjuvatn

Upplýsingamiðstöðvar ferðamála eru á tjaldsvæðinu, Mývatni og á Húsavík

Klifabotn í Lónssveit Austur-Skaftafellssýslu

Öryggisnúmer:

2179966



Klifabotn er um það bil þrjátíu km austan við Höfn í Hornafirði, náar tiltekið í Lónssveit. Á staðnum er gufubað, sameiginlegt með öðrum húsum í orlofsbyggðinni. Sparkvöllur og leiktæki eru einnig á staðnum.

Húsið er 54 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi og 3 svefnherbergi. Svefnpláss og sängur eru fyrir 6 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Jökulsárlón



Hvalnes og Þvottárskiður

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Höfn í Hornafirði

Í nágrenninu:


- Bátsferðir um Jökulsárlón
- Hestaferðir
- Byggðasafn A-Skaftafellssýslu, Höfn
- Skipulagðar Vatnajökulsferðir
- Ferðir á Lónsöræfi
- Hofskirkja í Öræfum
- Svartifoss í þjóðgarðinum í Skaftafelli
- Þjóðgarðurinn í Skaftafelli
- Friðlandið á Ingólfshöfða
- Útsýnið frá Almannaskarði

Hallskot í Fljótshlíð

Rangárvallasýslu

Öryggisnúmer:

2194322



Húsið stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn Hallskot í Fljótshlíð. Þangað er um tuttugu mínútna akstur frá Hvolsvelli. Húsið er byggt árið 1991 og er hið glæsilegasta. Heitur pottur á verönd og leiktaeki á lóð. Húsið er 51 fm og skiptist í tvö svefnherbergi,

stofu, bað og eldhús. Á palli uppi er 25 fm svefnloft. Svefnpláss og sängur eru fyrir átta manns. Auk þess má koma fleirum fyrir á svefnlofti. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Í nágrenninu:

- Bleiksárgljúfur í innanverðri Fljótshlíð
- Breiðabólssstaður í vestanverðri Fljótshlíð
- Þórsmörk (jeppafær)
- Golfvöllurinn, Strönd
- Hekla
- Skógræktarstöðin Tumastaðir
- Snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul
- Gluggafoss í Merkjá
- Byggðasafnið að Skógum.
- Stakkholtsgjá á Þórsmerkurleið



Reynisdrangar



Hallskot


Upplýsingamiðstöð ferðamála er að veitingastaðnum Hlíðarendi, Hvolsvelli

Stóra Hof

Gnúpverjahreppi


Öryggisnúmer:

2236156



Húsið er 60 fm að stærð auk 9 fm geymslu, skammt frá Árnesi í Gnúpverjahreppi. Þar er verslun og má sækja þangað ýmsa þjónustu. Glæsileg sundlaug er í Árnesi. Húsið er með svefnstæði fyrir 8 manns auk barnarúms. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.

Á veröndinni er heitur pottur. Nokkur sumarhús eru á svæðinu og leiktaeki fyrir börn. Gætið þess að byrgja **ávaltt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.



Hjálparfoss



Stóra Hof

Í nágrenninu:

- Þjórsárdalur
- Virkjanir s.s. Búrfellsvirkjun og Vatnsfellsvirkjun
- Veiðivötn
- Hekla
- Árnes
- Flúðir
- Laugarvatn
- Hjálparfoss




DJÁKNAVEGUR 6

Húsið er byggt árið 2006 og stendur við Djáknaveg 6, Úthlíð, Bláskógbabyggð og er 83 m² að stærð, auk svefnlofts. Rúmstæði og sängur eru fyrir 7 manns í þremur svefnherbergjum, á svefnloftinu eru 3 dýnur. Í húsinu er sjónvarp, myndspilari, útvart með geislaspilara, þvottavél, þurrkari, uppfvottavél og gasgrill. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.




Í nágrenninu:

- Sundlaug í Úthlíð
- Geysir, Gullfoss, Skálholt, Flúðir, Reykholt og Laugarás
- Þjórsárdalur: Gaukhöfði, Hjálparfoss, Þjóðveldisbærinn
- Stöng og Gjárfoss
- Sundlaug við Laugarvatn
- Hekla
- Bátsferðir á Hvítá
- Hestaferðir
- Jöklafeferðir
- Bátsferðir á Hvítá
- Húsdýragarður í Laugarási



Djáknavegur 6

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni



SKÓGARÁS 1

Húsið er um 60fm að stærð með 3 svefnherbergjum. Tvíbreitt rúm er í einu herbergi, tvær kojur í öðru og tvíbreið koja og einbreitt rúm í því briðja. Svefnsofi er í stofunni og barnarúm. Þvottavél, uppþvottavél, örbylgjuofn, bakaraofn, gasgrill, sjónvarp og myndspilari er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur. Gaëtið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Sundlaugin í Úthlið



Skógarás 1

Úthlíð Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2278705



Kónsvegur 1

Húsið er við Kóngsveg 1 og er 54 fermetrar að stærð. Rúmstæði eru fyrir 5 í 2 herbergjum. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, uppbvottavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.



Úthlíð Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2247712



ATH. Aðgengi að Kónsvegi 3 er frá Skyggnisvegi.

Kónsvegur 3

Húsið sem er 62 fermetrar stendur við Kóngsveg 3, en aðkeyrsla er frá Skyggnisvegi. Rúmstæði eru fyrir 7 í 3 herbergjum. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, uppbvottavél,

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni

örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Heiðarbraut 8

Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Húsið er 65 fm að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnpláss fyrir sjö manns, stofu með eldhús-króki og baðherbergi. Sjónvarp, myndspilarí og gasgrill er í húsinu. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Heiðarbraut 8



Gullfoss

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Selfossi

Í nágrenninu:

- Rjómabúið á Baugsstöðum
- Þjórsárdalur
- Gönguferð um þéttbýliskjarnann á Laugarvatni
- Geysisstofa
- Hestaleigur
- Sögusetríð á Hvolsvelli
- Veiðileyfi í vötnum og ám
- Kerið
- Sólheimar
- Þrástarskógar



Heiðarbraut 10

Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Húsið er 52 fm að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnpláss fyrir sjö manns, stofu með eldhús-króki og baðherbergi. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.

Í nágrenninu:


- Byggðasafnið að Gröf, Flúðum
- Húsdýragarðurinn Slakki í Laugarási
- Veitingahúsið Lindin, Laugarvatni
- Bátaleigan á Laugarvatni
- Gönguferðir meðfram Fullsælum og Brúará
- Geysir og Gullfoss
- Skálholt og Flúðir
- Þjóðveldisbærinn á Stöng



Heiðarbraut 10



Heiðarbraut 10



Selhólsvegur 2

Rúmgott, glæsilegt orlofshús, endurnýjað árið 2004. Húsið er 66 fm að grunnfleti. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, stofu með eldhúskróki og rúmgott baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns og fylgja sængur og koddar.

Húsinu fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilar, gasgrill, örbylgjuofn, uppþrvottavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð.

Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Leiktæki eru á lóð. Umhverfið er allt kjarri vaxið og stórkostlegt útsýni er frá húsinu. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Hlið er inn á orlofshúsasvæðið og er það læst á veturna. Lyklagleymsla er við hliðið með sama númeri og lyklageymslan við húsið.

Í nágrenninu:

- Sundlaug í Úthlíð
- Geysir
- Gullfoss
- Gufubað við Laugarvatn
- Hestaferðir
- Njáluslóðir
- Jöklaferaðir
- Hekla
- Bátsferðir á Hvítá
- Skálholt
- Húsdýragarður í Laugarási



Selhólsvegur 2



Sogið

Öndverðarnes Grímsneshreppi, Árnessýslu


Öryggisnúmer:

2316876




Réttarhólsbraut 40

Húsið er 64 fm frá árinu 2007. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 6 manns auk barnarúmi. Í stofu er sjónvarp, DVD- og CD spilari og útvær. Í eldhúsi er örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 5 manns.



Á veröndinni er gasgrill og heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heitapottinn ef hann er ekki í notkun. Í næsta nágrenni er sundlaug, leiksvæði og golfvöllur. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Réttarhólsbraut 40



Sundlaugin í Öndverðarnesi

Í nágrenninu:

- Þingvellir
- Listasafn Árnesinga, Hveragerði
- Fjörurnar við Eyrabakka og Stokkseyri
- Veiðisafnið á Stokkseyri
- Draugasafnið á Stokkseyri
- Þuríðarbúð á Stokkseyri
- Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Kaupfélagssafnið á Hvolsvelli


Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Hveragerði og á Selfossi




Hús nr. 29

Þetta er orlofsbyggð með 38 húsum. Húsið er nýlega uppgert. Heitur pottur er á verönd. Þjónustumiðstöð er á staðnum, þar sem aðgangur er að gufubaði og heitum potti. Þar er einnig hægt að fá upplýsingar um nágrennið.

Húsið er 58 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús,



garðskála, baðherbergi og 2 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 5 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Þingvellir

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Hveragerði og á Selfossi

Í nágrenninu:


- Eyrarbakka- og Stokkseyrarfjörur
- Þuriðarbúð á Stokkseyri
- Ferðir á Langjökul
- Bærinn Stöng og Sögualdarbærinn í Þjórsárdal
- Seglbrettasiglingar og bátaleiga á Laugarvatni
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Rjómabúið á Baugsstöðum, Stokkseyrarhreppi
- Vatnasleðaleiga á Svínnavatni
- Kirkjustaðurinn Skálholt
- Gjárfoss í Rauðá, Þjórsárdal




Heiðarvegur 7

Húsið sem stendur við Heiðarveg 7 er tvilyft og er íbúðin sem er á efri hæð hússins 133 fermetrar. Þar eru 4 svefnherbergi með rúmstæðum fyrir 7 manns. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og

borðbúnaður, upphþvottavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll, einnig þvottavél, burrkari og gasgrill.



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000



Hátún 4

Íbúðin er á sjöttu hæð í blokk og er 77 fermetrar. Þar eru 2 svefnherbergi. Í öðru er hjónarúm og í hinu eru tvö 80 sm breið rúm og er búnaður íbúðarinnar miðaður við að 4 geti gist þar. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, upphvottavél,

örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. ATH. í dagleigu allt árið.



Tjaldvagnaleiga

Afhending og leiga

Samningur hefur verið gerður við tjaldvagnaleigu, sem tryggar félagsmönnum leigu á tjaldvögnum gegn hóflegu gjaldi. Afhendingar og skilastaður kemur fram á leigusamningi.

Leigutími

Vagnarnir verða afhentir **að morgni fimmtudags** og ber að skila þeim milli **kl. 15:00 og 18:00 á miðvikudegi**.

Tryggingar og greiðsla leigu

Sá sem tekur vagninn á leigu er ábyrgur fyrir honum. Gagnvart umferðartjónum gildir trygging bílsins sem dregur vagninn. Vagninn er auch þess kaskóttryggður en sjálfsábyrgð er u.p.b. kr. 110.000 og ber sá sem hefur vagninn á leigu það tjón ef vagninn skemmist af hans völdum. **Leigutaki þarf að framvísa kreditkorti til að fá vagninn afhentan**, en tekin verður trygging í kortinu að upphæð kr. 30.000 vegna hugsanlegra smáskemmda (t.d. brotinna afturljósa) og þrifa (Prifagjald allt að kr. 15.000), en ekkert er tekið af kortinu ef vagninum er skilað hreinum og án skemmda. Leigutaki og leigusalí eiga að yfirfara vagninn í sameiningu við afhendingu og skil hverju sinni. Greiðslur og gerð leigusamninga vegna vagna verður í gegnum heimasiðu FIT. Þar er um sama kerfi að ræða og er vegna orlofshúsa. Átján punktar eru dregnir af punktainneign vegna leigu á tjaldvögnum.



Gerð og stærð

Vagnarnir eru af gerðinni Comanche Montana og eru með svefnrými fyrir 4-6. Svefntjöld í vagninum eru tvö, og er hægt að breyta þeim í sæti. Að öllu jöfnu fylgir fortjald. Mjög einfalt er að tjalda vögnunum, það á ekki að taka óvanan mann lengur en um 5 mínútur. Vagnarnir henta öllum fólkssíðum og óbreyttum jeppum. Ekki þarf að lengja speglar til að sjá aftur fyrir vagninn.



Með vögnunum er eftirfarandi búnaður:

- Svefntjöld inni í vagni
- Gluggatjöld
- Dýnur 2x
- Stög og hælar
- Varadekk
- Öryggiskeðja
- Læsing á loki
- Keyrsluyfirbreiðsla
- Beizlishjól
- Farangursgrind

Stærð og þyngd:

- Lengd: 250 cm
- Breidd: 166 cm
- Þyngd: 270 kg

Orlofshús á Spáni



Torrevieja

5. hæð, íbúð nr. 9

Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum, salerni, eldhúsí, stofu og svöldum. Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er þvottavél, sjónvarp, straujárn og fleira. Íbúðin er á efstu hæð (5. hæð). Lyfta er í húsinu. Fallegur garður með sundlaug er fyrir framan blokkina. Um 15 til 20 mínumáta gangur er niður á strönd. Stutt er í stóra verslun þar sem hægt er að




versla fatnað, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir. Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara þangað með nesti eða kaupa léttar veitingar. Akstur frá flugvellinum í Alicante til Torrevieja tekur um 30 mín.



Heimilisfang:

El Molino
Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza
del Molino
Fase II
Torrevieja
Alicante - Spánn



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Orlofshús á Florida



Orlando

Húsið okkar á Florida er í Orlando í Windsor Hills hverfinu. Heimilisfangið er 2705 Manesty Lane, Kissimmee FL 34747.

Húsið er á tveimur hæðum með 6 svefnherbergjum sem skiptast þannig: 4 herbergi með hjónarúmum og 2 herbergi með tveimur rúmum. Það eru 4 klósett í húsinu. Svo er stofa, eldhús, borðstofa, gangar og bílskúr (sem er með leiktaekjum). Í bakgarðinum er lítill sundlaug.

Húsið stendur í lokuðu hverfi (resort) þar sem er klúbbhús með allskonar aðstöðu s.s. Stórri útisundlaug, útileiktækjum og þessháttar og inni er leiktaekjasalur og líkamsræktaraðstaða. Aðgangur að þessari aðstöðu er frír fyrir þá sem eru í húsinu

og hvetjum við okkar fólk til að nota þessa aðstöðu. Í því sambandi bendum við á að rafmagn og vatn er mjög dýrt í Orlando og biðjum við fólk að hafa það í huga svo hægt verði að halda húsaleigunni í lágmarki.

Við minnum á að í Orlando er íslensk kona, Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir með margháttáða þjónustu við ferðamenn. Hægt er að skoða þjónustuframboð hennar á www.floridafri.com og www.ingatravel.com. Guðrún er okkar fólk í innan handar með skoðunarferðir og fararstjórn en aðstoðar einnig við bókun á bílaleigubílum, gistingu eða siglingu í Karabíahafið. Árlega, fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00, er opnað fyrir leigu næsta árs á eftir (heilt ár).



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Miðasala



Miðasala

Félag iðn- og tæknigreina bíður uppá ýmsa gisti- og afþreyingar- og ferðamöguleika á orlofsvefnum undir „miðasala“. Öll neðangreind atriði eru háð því að samkomulag náist við sóluaðila um viðunandi afslátt til félagsmanna. Hægt verður að lesa um skilmála og verð innri á orlofsvefnum þegar viðkomandi atriði er komið í sólu.

Hótelmiðar

Um er að ræða afsláttarmiða á hótelum. Mjög mikilvægt er að lesa vel skilmála hótelanna.

Flug

Um er að ræða miða með afsláttarkóða sem sleginn er inn við miðakaup hjá viðkomandi flugfélagi.



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Síðan mín á orlofshúsavefnum



www.fit.is

Þegar félagsmenn skrá sig inn á orlofshúsavef FIT þá bætist einn hnappur við sem heitir „Síðan mín.“ Þar undir eru fjórir flokkar: Mínar umsóknir, kort & miðar, mínar upplýsingar og umsagnir um leigueignir. Undir mínar umsóknir er hægt að skoða allar umsóknir sem viðkomandi félagsmaður hefur sótt um og stöðuna á þeim. Með því að ýta á stækkanaglerið þá er hægt að sjá sundurliðun á hvaða eign var bókuð, leigutímabilið, verð, punktakostnað, stöðuna á umsókn og hægt að

The screenshot shows the homepage of the FIT website. At the top right is a search bar with placeholder text "Tastspáður" and a "Søgn" button. Below the search bar is a banner with the text "Orlofshúsavefur". The main content area features a large map of Iceland with yellow lines indicating routes or areas. To the right of the map are icons for a flight, a hotel, and a car. Below the map is a section titled "Vinsælar eignir" (Desirable properties) with five thumbnail images of properties: Flólands - Orlandi, Reykjavík - Höfuð 4, Fljótsdalur - Hellhási, Bragaaskarð - Hús nr. 21, and Brastanskágar - Belluhósegg 2. Each thumbnail has a "Nánar" (More) link below it.

prenta kvittun með þessum hnappi eða prenta út leigusamning með þessum hnappi. Undir kort og miðar er hægt að sjá þau kort eða þá miða sem viðkomandi félagsmaður hefur keypt. Undir mínar upplýsingar eru skráðar upplýsingar eins og netfang félagsmanns, símanúmer hans og heimilisfang. Þar er einnig hægt að breyta upplýsingum. Í umsagnir um leigueignir er hægt að gefa viðkomandi orlofshúsi einkunn og gefa umsagnir með því að ýta á þennan hnapp.



Allar nánari upplýsingar eru fúslæg veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Eitt og annað

Úthlutunarreglur

Á sumrin eru húsín og íbúðirnar leigðar félagsmönnum til vikudvalar í senn, en á öðrum tímum eftir samkomulagi. Úthlutun fer fram eftir punktakerfi og eru reglur um ávinnslu og frádrátt punkta eftirfarandi:

Ávinnsla punkta

Hver félagsmaður sem greitt hefur fullt félagsgjald ávinnur sér einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann er í féluginu.



Umgengni

Umgengni lýsir innra manni og eru allir hvattir til að umgangast orlofshúsin með sóma.

Ef eitthvað er athugavert við umgengni eða þrifnað húsanna við komu þá látið vita á skrifstofu félagsins.

Tæki og tólf

Í öllum húsunum eru eldhúsahöld, sængur og koddar. Einríg eru barnarúm og barnastólar í öllum húsunum.

Nánari upplýsingar um fylgihluti hvers húss og skiptitíma er að finna í leigusamningi sem leigutaki fær við greiðslu.

Frádráttur punkta við úthlutun

- Frá fyrsta föstudagi júnímánaðar til síðasta föstudags í júní eru dregnir frá 26 punktar. Sama á við um allar tilboðsferðir (ferðaávísanir).
- Frá síðasta föstudagi júnímánaðar fram í miðjan ágúst eru dregnir frá 36 punktar.
- Frá miðjum ágúst til fyrsta föstudags í september og einnig um pásku eru dregnir frá 26 punktar.
- Við úthlutun á öðrum tímum koma engir punktar til frádráttar. Engir punktar eru dregnir af við leigu á íbúðinni í Hátúni 4 í Reykjavík, húsinu á Flórida eða íbúðinni á Spáni.

Ef fleiri en ein umsókn er um sama húsið á sama tímabili ræður punktafjöldi hver hreppir hnossið. Ef punktafjöldi er jafn ræður sú umsókn sem berst fyrst. Á umsóknareyðublöðum um orlofshús er gefinn kostur á allt að sex valmöguleikum. Því fleiri valkostí sem merkt er við, þeim mun meiri líkur eru á úthlutun. Vetrarúthlutun skerðir ekki rétt til sumarúthlutunar.

Munið neyðarnúmerið

112

Við brottför

- Prífa húsið, grillið og heita pottinn
- Takið sjónvarp og útvarp úr sambandi
- Athugið hvort allir gluggar séu lokaðir og kræktir
- Hurðir vel lokaðar og læstar
- Lykillinn kominn í lyklaskáp eða til umsjónarmanns
- **Ekki taka hita af húsinu við brottför**

Nauðsynlegt

- rúmföt
- borðklútar
- diskaburrrkur
- salernispappir

Eitt og annað

• • •

Staður	Fm.	Svefn-pláss	Heitur-pottur	Gufu-bað	Um-sjón	Bátur	Gas-grill	Veiði-leyfi	Geisla-spilari	Pvotta-vél	Upp-pvotta-vél
Skorradalur 40	51	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17a	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Húsafell/Kiðárþ.1	58	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 2	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 3	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Hvítárb.	77	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Svignaskarð	50	6	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Vogur á Mýrum	143	8	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já
Stykkishólmur	77	6	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Smárah.	92	8	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Borgarhlíð 5C	60	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur.10E	50	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur.10M	50	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur.6L	80	4-5	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur.11A	106	6	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Illugastaðir	48	6	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Nei
Klifabotn	54	6	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei
Hallskot	51	8	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Stóra Hof	60	8	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Úthlíð/Skógarás	60	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Úthlíð/Djáknav.	83	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Úthlíð/Kóngsv. 1	54	5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Úthlíð/Kóngsv. 3	62	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Brekkuskógr 10	54	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Brekkuskógr 8	65	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Þrastarskógr	66	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Öndverðarnes	65	5	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Ölfusborgir	58	5	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Vestmannaeyjar	133	7	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Reykjavík	77	4	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já

Útgefandi: Félag iðn- og tæknigreina

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson

Umsjón með prentverki: Penta ehf.

Filmuvinnsla og prentun: Stafræna Prentsmiðjan

© af kortum: Landmælingar Íslands, leyfisnúmer 111-94



Skelltu þér í orlofshús - bókaðu beint á netinu

Á orlofshúsasíðu FIT eru félagsmenn leiddir í gegnum bókunarferlið.

Hægt er að fylla út umsókn um sumarleigu eftir að opnað hefur verið á það að vori.

Hægt er að greiða fyrir sumarleigu og prenta út samning eftir að úthlutun er lokið.

Félagsmenn geta bókað, greitt og prentað út samning fyrir vetrarleigu í rauntíma.

Allar nánari upplýsingar á þjónustuskrifstofu iðnfélaga sími 535 6000

www.fit.is